

## Vitafélagið-íslensk strandmenning

### Skýrsla stjórnar 2017 Starfsárið 2016-2017

Helstu verkefni félagsins á liðnu starfsári voru:

Stjórnin hélt 12 stjórnarfundum (13. júní, 27 júní, 21. júlí, 1. sept, 6. sept, 9. nóv, 15. des. 17, jan, 4. feb, 14. feb. 1. mars, 17. mars,)

**Strandmenningarhátíðin í Vági í Færeyjum.** Stærsta verkefni Vitafélagsins var þátttaka í Norrænu strandmenningarhátíðinni sem að þessu sinni var haldin í Vági í Færeyjum. Hátíðin stóð yfir dagana 7.-10. júlí 2016. Margt fór öðruvísi en ætlað var af hálfu heimamanna og Árni Brattaberg sem tekið hafði að sér umsjón hátíðarinnar hljópst undan verkum í miðju kafi. Það kom því í hlut borgastjórnas í Vági Dennisar Holm að hlaupa undir bagga og bjarga því sem bjargað varð. Þema hátíðarinnar var „Havet som næringsvej/Hafið sem bjargræðisleið Á vegum Vitafélagsins fóru 10 manns. Arndís Jóhannsdóttir sem vann með roð og fræddi um notkun landans á þessari afurð hafsins. Jóhannes Gíslason frá Skáleyjum sem sýndi þá breiðfisku hefð að riða selsnet. Sigurður Bergsveinsson frá Bata- og hlunnindasafni Breiðafjarðar og bátasmiðurinn Hafliði Aðalsteinsson sýndu tvo báta sem Hafliði og forfeður hans höfðu smíðað. Jófríður Benediktsdóttir, þæfði ull og töfraði fram sjöl á staðnum úr ull og silki. Kristján Sveinsson, sagnfræðingur fræddi gesti um samskipti Færeyinga og Íslendinga í gegnum tíðina og Haukur Sigvaldason, Sigrún Klara Hannesdóttir og Sigurbjörg Árnadóttir stóðu vaktina og fræddu gesti og gangandi um íslenska strandmenningu. Einnig tóku Anna Þórðardóttir, María Ragnarsdóttir og Helga Bárðardóttir þátt í hátíðinni og Húni II sigldi frá Akureyri. Aðalræðismaður Íslands í Færeyjum Pétur Thorsteinsson var með móttöku í íslenska kynningarbásnum.

Ekki eru til neinar tölur um fjölda sýningargesta en ljóst er að eyjan Suðurey er kannski ekki sú heppilegasta til gjörninga á borð við Norrænu strandmenningarhátíðina þar sem samgöngur eru stopular og einungis um sjóleiðina að velja frá öðrum eyjum. Sigling frá Þórshöfn tekur um tvær klukkustundir. Eins og áður var Eimskip félaginu hjálpsamt og flutti allan varning á vegum félagsins til Færeyja. Án þeirra dyggu aðstoðar í gegnum árin væri þátttaka Vitafélagsins í norrænu hátíðunum fremur rýr.

### Fyrirlestrar og fræðsluerindi

#### Spegill fortíðar silfur framtíðar

Dagskrá spegilsins var að venju á sínum stað en loks kom að því að Vitafélagið fjallaði um vita. Yfirskrift dagskrár var því „Brennd þið vitar - lýsið hverjum landa... á þessum kvöldum hefur verið rætt um vitavæðingu landsins, áhrif vitanna á atvinnuhætti, öryggi sjófarenda og byggingarlist.

Félaginu var úthýst úr Sjóminjasafni Reykjavíkur þar sem það hefur verið til húsa með fræðslukvöldin frá upphafi. Eftir mikla leit að nýjum heimkynnum fannst skjól í bjórhúsinu Ægisgarði og greiddi HB-Grandi fyrir leiguna sem var félaginu ofviða. Í Ægisgarði hefur farið vel um fólk en það tók fastagesti nokkurn tíma að læra að rata í bjórinn.

Aðsókn var almennt mjög góð og erindin fróðleg og upplýsandi.

Eftirfarandi erindi voru flutt:

#### **5. október 2016**

Kristján Sveinsson, sagnfræðingur: Bygging Reykjanesvita og upphaf vitavæðingar.

Ólafur R. Sigurðsson, fyrrv. skipstjóri: Reykjanesviti, fyrirætlanir um að gæða vitann lífi.

#### **2. nóvember 2016**

Sigurjón Hannesson, fyrrv. Skipherra: Þjónusta við vitana við mismunandi aðstæður.

Guðmundur Bernóðsson, fyrrv. vitavörður: Um ljóstækni vitanna og breytingar á þeim.

#### **4. janúar, 2017**

Ólafur R. Sigurðsson, fyrrv. skipstjóri: Vitinn sem leiðarljós skipstjórans.

Heimildamyndin: Heimsmethafinn í vitanum eftir Jón Karl Helgason. Myndin fjallar um stórmerkilegt ævistarf Óskars J. Magnússonar síðasta vitavarðar á landinu. Óskar mætti sjálfur á fræðslufundinn og svaraði fyrirspurnum gesta.

#### **8. febrúar, 2017**

Regína Ástvaldsdóttir, bæjarstjóri: Stefna Akranesbæjar í vitamálum  
Hilmar Sigvaldason, vitavörður á Akranesi tók uppá því að liggja í flensu og því hljóp Kristján Sveinsson sagnfræðingur í skarðið og fræddi fólk um vitana á Akranesi.

#### **15.mars, 2017**

Niels Árni Lund, skrifstofustjóri: Raufarhöfn sem útgerðastaður og hlutverk vitanna.

Marsibil Erlendsdóttir, vitavörður á Dalatanga kom ekki sökum misskilnings sem var lán fyrir Nielsi Árna sem fór létt með að nota þessar tvær klukkustundir.

5. apríl, 2017 Guðmundur Stefán Sigurðsson, fornleifafræðingur talar um: Strandminjar og stefnu Minjastofnunar og Magnús Skúlason, arkitekt fjallar um: Friðun vitabygginga og húsagerðalist sem einkennir þá.

#### **HAFIÐ, FJARAN OG FÓLKIÐ - menningararfleifið, tækifæri og ógnir**

**sjávarbyggða.** Undir þessari yfirskrift hefur Vitafélgaið- íslensk strandmenning staðið fyrir málþingum á vordögum síðustu ár í samvinnu við sveitafélög, söfn og aðra áhugasama á landsbyggðinni. Að þessu sinni urðu Vestamannaeyjar fyrir valinu en þegar líða tók á apríl kom beiðni um að

flytja dagskrána fram í júní og sameina viðburðinn sjómannadeginum. Þegar dró á maímánuð var ljóst að við fótbolta keppir maður ekki um athygli í Vestmannaeyjum. Því var ráðgert að flytja þennann viðburð fram að mánaðamótum ágúst - september en þá endurtók sagan sig. Fótbolti! Að lokum var annar annar dagur októbermánaðar fyrir valinu og í samvinnu við Helgu Hallberg í Sagnheimum varð úr hin besta dagskrá í Sagnheimum, byggðasafni undir heitinu : **Strandmenning, auður og ógnir. Dagskráin var svohljóðandi:**

**Auður við íslenska strönd.** Kristján Sveinsson sagnfræðingur. Starf Vitafélagsins-íslenskrar strandmenningar.

**Nordisk kustkultur og nýsköpun í vitum:** Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Vitafélagsins-íslensk strandmenning sagði frá samstarfi norrænu strandmenningarfélaganna og nýsköpun í vitum.

**Hraunið tamið: Frá Axlarsteini til Urðarvita.** Gísli Pálsson mannfræðingur -fjallaði um ógnir hraunsins sem rann á Heimaey árið 1973, björgun hafnar og byggðar og aðlögun Eyjamanna eftir gos.

**Virkjum Golfstrauminn!** Ívar Atlason forstöðumaður HS Veitna sagði frá nýjum kafla í sögu upphitunar á húsum í Eyjum þar sem varminn ( -sólarorkan- ) sem er geymd í sjónum umhverfis Eyjar er notaður til upphitunar húsa.

**Strandar-auður, vannýttur fjársjóður fyrir hönnuði.** Emilía Borgþórsdóttir hönnuður. Ströndin og hafið er takmörkuð auðlind sem við þurfum við að ganga vel um. Það eru mörg tækifæri fyrir hönnuði að nálgast þessa auðlind á ólíkan máta.

Að lokinni dagskrá ætlaði Arnar Sigurmundsson framkvæmdastjóri að leiða sögugöngu um gamla hafnarsvæðið og rekja sögu gömlu slippanna. Ekkert varð þó úr því í þetta sinn sökum veðurs.

Sýningar voru hins vegar í Safnahúsi Vestmannaeyja sem tengjast vitum og strandmenningu.

Dagskráin var styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Klakklaust til eyja komust allir en þegar snúa átti til baka kárnaði gamanið. Það fór þó svo að allir fyrirlesarar komust til meginlandsins eins og ráð var fyrir gert fyrir utan Kristján og Sigurbjörgu sem urðu að dúsa í eyjum til næsta dags. Gerðu það reyndar í mjög góðu yfirlæti heimamanna og höfðu tíma til að skoða bæði Stórhöfða og Gossögusafnið.

### **Útgáfa og vefupplýsingar**

**Fréttabréf Vitafélagsins.** Að venju gaf Vitafélagið gaf út tvö blöð af Fréttabréfinu á árinu. Eins og áður er það prentað og styrkt af Prentsmiðju Guðjóns Ó. Fyrri blaðið kom út að vori og með því fylgdi

aðalfundarboð og reikningur fyrir árgjaldi. Síðara blaðið var gefið út að hausti og fylgdi því vetrardagskrá félagsins.

### Vefurinn

[www.vitafelagid.com](http://www.vitafelagid.com) Loks hefur heimasíðan aftur litið dagsins ljós eftir árás Megnið af gömlu efni hefur fundist en ekki hefur enn gefist tóm til að raða því upp. Einnig er eftir að uppfæra upplýsingar á erlendum málum.

**Facebook.** Félagið notar Facebook til að auglýsa viðburði og enn fjölgar fésbókarvinum þess.

### Umsóknir um styrki til starfseminnar

Félagið sótti að venju um styrki til starfseminnar en lítið var um heimtur. Einhverjar krónur fengust þó frá NATA upp í ferðakostnað til Færeya.

### Norrænt samstarf

Áfram hefur félagið unnið að undirbúningi á skráningu handveksins við smíði súðbyrðings á lista hjá UNESCO. Nú eru fjórir bátasmiðir og sjö söfn/stofnanir á listanum frá Íslandi en hins vegar hefur Mennta- og menningarráðuneytið enn ekki ákveðið hvernig staðið skuli að skráningu af Íslands hálfu og ef ekkert gerist á þeim bænnum er hætt við því að við dettum úr þessu samstarfi. Þ.e. að fá handverkið við smíði súðbyrðings á lista UNESCO sem samnorrænan menningararf. Þeir sem eru á blaði vegna verkefnisins af Íslands hálfu eru: Síldarminjasafn Íslands ses, Byggðasafn Vestfjarða, Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík, Sjóminjasafn Reykjavíkur/Borgarsögusafn, Skipavík í Stykkishólmi, Bátasögu- og hlunnindasafn á Reykhólum og Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði auk bátasmiðanna Jóns Ragnars Daðasonar, Hafliða Aðalsteinssonar, Birkis Þórs Guðmundssonar og Hjalta Hafþórssonar.

**Norræna strandmenningarhátíðin 2017.** Fyrirhugað var að halda norræna ráðstefnu á Grænlandi í stað hátíðar. Löngu er þó ljóst að það er öllum félögunum ofviða þar sem fargjöld þangað eru óyffirstíganlega dýr. Lengi héldum við í vonina um að Norrænu félögin vildu samstarf um málþing í Færejum en nú er sú von einnig úti. Áhugi félagsmanna í Norrænu félögunum liggur greinilega annars staðar en að ræða stöðu norræns grasrótarsamstarfs. Það er því ljóst að ekki verður af neinu norrænu málþingi í ár.

### Siglufjörður 2018

Ákveðið er að Norræna strandmenningarhátíðin 2018 verði á Siglufirði og hefur sveitafélagið eyrnamerkt eina og hálf milljón til verkefnisins sem og Síldarminjasafnið sömu upphæð. Fyrstu fundir hafa verið haldnir á Skype með ráðamönnum bæjarins, forstöðumanni Síldarminjasafnsins, fulltrúa frá afmælisnefnd bæjarins og Gunnsteini Ólafssyni frá Þjóðlagahátíðinni. Dreifibréf var prentað og borið í hvert hús í Fjallabyggð og einnig hafa öll norrænu strandmenningarfélögin fengið dreifibréfið sem og fulltrúar

North Sea Ring. Norræna strandmenningarhátíðin verður sameinuð afmælishátíð bæjarins og Þjóðlagahátíðinni með þemað; Tónlist við haf og strönd.

Eins og áður er það ógerningur að hafa tölu á öllum þeim vinnustundum sem unnar hafa verið á vegum félagsins á liðnu ári bæði af hálfu stjórnarmanna og öðrum. Allt er þetta gert í sjálfboðavinnu og svo er einnig með þá tugi fyrirlestra sem haldnir hafa verið á vegum félagsins í gegnum tíðina.

Að lokum vil ég þakka bæði stjórnarmönnum, öllum fyrirlesurum sem lagt hafa okkur lið, gestum sem sótt hafa þessar samkomur okkar og öllum öðrum sem lagt hafa hönd á plóg fyrir fyrir frábært samstarf. Ég vona að sumarið verði ykkur öllum gott og að ekki líði á löngu þar til litið verður á strandmenninguna sem mikilvægan hornstein í íslensku menningarlífi og sögu.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður